

Djúpivogur 8. júní 2020

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Bakki 1

765 - Djúpivogur

**Varðar: Framkvæmdastjórastöðu og þjálfarastöðu fyrir næsta ár**

Góðan dag

Stjórn Umf. Neista óskar eftir því að auglýst verði staða framkvæmdastjóra Umf. Neista frá 1. ágúst 2020. Um verði að ræða 40% starf eins og er nú. Starf framkvæmdastjóra felist í að vinna með stjórn félagsins, sinna daglegri umsýslu, sjá um samskipti við foreldra, samstarfsaðila, fjármál, umsýslu í kringum Neista og annað sem til fellur.

Þá verði því til viðbótar auglýst 100% staða þjálfara, einnig frá 1. ágúst 2020. Þær greinar sem gert er ráð fyrir að boðið verði uppá eru áfram sem hingað til sund, knattspyrna, frjálsar íþróttir og mögulega aðrar boltagreinar. Ljóst er að með fjölgun nemenda þarf að hækka starfshlutfall þjálfara en skv. upplýsingum frá skólastjóra Djúpavogsskóla stefnir í að nemendur við skólann verði tæplega 90 næsta skólaár.

Stjórn Neista þakkar þann stuðning og velvilja sem sveitarfélagið hefur sýnt með beinum styrkjum og ýmis konar aðstoð við félagið og vonast áfram eftir góðu samstarfi til að byggja upp öflugt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni í Djúpavogshreppi enda benda allar rannsóknir til þess að þátttaka barna í skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi auki líkur á því að börn og ungmenni alist upp með sterkari sjálfsmynd, læri að taka tillit til annarra, þrói með sér seiglu og leiðist síður út í áhættuhegðun á unglingsárum.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Stjórn Umf. Neista